

LANDSRÉTTUR

Dómur miðvikudaginn 22. apríl 2026.

Mál nr. 268/2025:

Kristinn Gylfi Jónsson

(Helgi Jóhannesson lögmaður)

gegn

Emmu Kristine Holm

(Pórður Heimir Sveinsson lögmaður)

og gagnsök

Lykilorð

Sjálfskuldarábyrgð. Endurkrafa. Dráttarvextir.

Útdráttur

E og K tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð á yfirdráttarheimild V ehf. á veltureikningi félagsins hjá Í hf. Gerði E skuldina upp við Í hf. og höfðaði mál þetta til heimtu helmings þess sem hún greiddi Í hf., 2.650.000 krónur ásamt nánar tilgreindum dráttarvöxtum. Í dómi héraðsdóms sem staðfestur var að þessu leyti í Landsrétti með vísan til forsendna kom fram að með vísan til skilmála ábyrgðaryfirlýsingarinnar, almennra reglna kröfuréttar, fyrirliggjandi dómafordæma um rétt ábyrgðarmanns til endurkröfu á hendur meðábyrgðarmanni og þess að ósannað væri að E og K hefðu gert sérstakt samkomulag um þessa ábyrgð, yrði að fallast á kröfu E um að K bæri að standa henni skil á helmingi þeirrar fjárhæðar sem hún hefði þurft að standa Í hf. skil á. Þá var með dómi Landsréttar fallist á að K yrði gert að greiða E nánar tilgreinda dráttarvexti.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Ásgerður Ragnarsdóttir, Eiríkur Jónsson og Símon Sigvaldason.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Aðaláfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 7. apríl 2025. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 27. mars 2025 í málinu nr. E-5181/2024.
- Aðaláfrýjandi krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti.
- Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu fyrir sitt leyti 14. maí 2025. Gagnáfrýjandi krefst þess að aðaláfrýjanda verði gert að greiða henni 2.650.000 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 14. maí 2024 til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist að dráttarvextir leggist við höfuðstól kröfunnar á 12 mánaða fresti í fyrsta sinn 14. maí 2025. Loks er krafist málskostnaðar

í héraði og fyrir Landsrétti. Gagnáfrýjandi krefst til vara staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Landsrétti.

Niðurstaða

- 4 Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur um annað en dráttarvaxtakröfu gagnáfrýjanda.
- 5 Í hinum áfrýjaða dómi segir um dráttarvaxtakröfuna að henni verði „að hafna [...] sem vanreifaðri,“ sbr. d- og e-liði 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, þar sem ekkert liggir fyrir um við hvað hún miði. Kröfunni var þó ekki vísað frá dómi, svo sem rétt hefði verið fyrst héraðsdómur taldi hana vanreifaða, heldur verður að skilja hinn áfrýjaða dóm svo að sýknað hafi verið af kröfunni. Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu fyrir sitt leyti til að fá þeirri niðurstöðu breytt og í ljósi framangreinds kemur hún til endurskoðunar hér fyrir dómi þótt gagnáfrýjandi hafi ekki beint kæru til Landsréttar eftir reglum XXIV. kafla laga nr. 91/1991.
- 6 Í stefnu er dráttarvaxta krafist samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 14. maí 2024 og þar er vísað til innheimtuviðvörunar frá þeim degi, sem fyrir liggur í málinu. Verður að telja nægilega ljóst við hvað krafan miði og með vísan til 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 verður aðaláfrýjandi gert að greiða gagnáfrýjanda dráttarvexti frá 14. júní 2024, en þá var liðinn mánuður frá því að aðaláfrýjandi var send fyrrgreind innheimtuviðvörun. Réttur gagnáfrýjanda til höfuðstólsfærslu dráttarvaxta á 12 mánaða fresti leiðir beint af ákvæðum 12. gr. laga nr. 38/2001 og því er óþarft að kveða á um slíka höfuðstólsfærslu í dómsorði.
- 7 Samkvæmt úrslitum málsins verður aðaláfrýjandi gert að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Landsrétti eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Kristinn Gylfi Jónsson, greiði gagnáfrýjanda, Emmu Kristine Holm, 2.650.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 14. júní 2024 til greiðsludags.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað skal vera óraskað.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 500.000 krónur í málskostnað fyrir Landsrétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 27. mars 2025

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð, 4. mars sl., var höfðað með stefnu, birtri 17. september sl., af stefnanda, Emmu Kristine Holm, [...], á hendur stefnda, Kristni Gylfa Jónssyni, [...].

Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefnda verði gert að endurgreiða henni 2.650.000 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 12. gr., laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 14.

maí 2024 til greiðsludags. Jafnframt að vextir leggist við höfuðstól kröfunnar á 12. mánaða fresti, í fyrsta sinn 14. maí 2025.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst sýknu af dómkröfum stefnanda.

Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Ágreiningsefni og málsatvik

Tildrög eru þau að stefnandi átti upphaflega, ásamt eiginmanni sínum og Hafdís Erlu Bogadóttir, félögin Vistveru ehf. (nú Ex23 ehf.) og Sýslu ehf. Var eignarhald stefnanda og eiginmanns hennar í gegnum Eignarhaldsfélagið Terra Invest ehf.

Stefndi kaupir síðan undir lok árs 2020 hlut Hafdísar í báðum félögunum, þ.e. í Vistveru ehf. og í Sýslu ehf., í gegnum félag sitt Geysi fjárfestingafélag ehf., þ.e. 43,33% hlut í Vistveru ehf. og 50% hlut í Sýslu ehf. Samhliða var gengið frá því að Hafdís Erla losnaði undan ábyrgðum sem hún var í vegna Vistveru ehf. og Sýslu ehf. Stefndi varð þá framkvæmdastjóri Vistveru ehf., auk þess sem aðilar málsins áttu þá einnig í samrekstri í félögunum Sýslu ehf. og í Bróderí ehf. Fór samstarf málsaðila um rekstur fyrirtækjanna þriggja, Vistveru ehf., Sýslu ehf. og Bróderís ehf., fram í gegnum téð félög, Geysi fjárfestingafélag ehf. og Eignarhaldsfélagið Terra Invest ehf.

Í framhaldi af framangreindum kaupum félags stefnda á hlut í Vistveru ehf. tókust stefnandi og stefndi 12. og 23. ágúst 2021 á hendur sjálfskuldarábyrgð *in solidum* á yfirdráttarheimild Vistveru ehf. á veltureikningi félagsins nr. 515-26-5845 hjá Íslandsbanka hf., að fjárhæð 5.000.000. krónur, auk dráttarvaxta og kostnaðar.

Fór svo að í lok árs 2021 var komið upp nokkurt ósamkomulag á milli stefnanda og eiginmanns hennar annars vegar og stefnda hins vegar um samstarfið. Varð úr að aðilar gerðu samkomulag 8. nóvember 2021 þar sem kveðið var á um kaup stefnanda og eiginmanns hennar, í gegnum Eignarhaldsfélagið Terra Invest ehf., á eignarhlutum félags stefnda, Geysis fjárfestingafélags ehf., annars vegar í Vistveru ehf. (43,33% hlutur) og hins vegar í Bróderí ehf. (43,33% hlutur), en félag stefnda, Geysir fjárfestingafélag ehf., keypti samhliða eignarhlut Terra Invest ehf. í Sýslu ehf. (50%). Eftir kaupinn yrði eignarhald á Vistveru ehf. því alfarið í höndum félags stefnanda og eiginmanns hennar, en Sýslu ehf. yrði þá alfarið í eignarhaldi félags stefnda, og rekstur félaga aðila á fyrirtækjunum, sem var um sumt tengdur, þannig algerlega aðgreindur.

Í samkomulaginu frá 8. nóvember 2021 er m.a. kveðið á um hvernig málsaðilar skuli losna undan ábyrgðum í Arion banka hf. vegna Sýslu ehf. Kom þar og fram að Terra Invest ehf. myndi kaupa hlut Geysis fjárfestingafélags ehf. í Vistveru ehf. á 13.000.000 króna. Gert var ráð fyrir að Geysi fjárfestingafélagi ehf. yrðu greiddar 8.289.547 krónur, auk greiðslu að fjárhæð 1.655.000 krónur, jafnframt því sem greiða átti inn á yfirdrátt Sýslu ehf. í Arion banka hf., 3.054.953 krónur. Ekkert er þar hins vegar minnst á sjálfskuldarábyrgð málsaðila í Íslandsbanka hf. vegna Vistveru ehf.

Endanlega var síðan gengið frá kaupum Eignarhaldsfélagsins Terra Invest ehf. á hlutafé Geysis fjárfestingafélags ehf. í Vistveru ehf. með kaupsamningi, dags. 15. nóvember 2021. Í þeim kaupsamningi félaga málsaðila er heldur ekki beint fjallað um ábyrgðarskuldbindingu málsaðila gagnvart Íslandsbanka hf., en eftirfarandi þó tekið fram í 9. gr. samningsins: „Með samningi þessum eru öll mál niður fallin á milli aðila er varða sameign og samrekstur að félaginu og á hvorugur aðila frekari kröfur á hinn.“

Fyrir liggur að stefndi gerði athugasemdir í tölvupósti sama dag og gengið var frá endanlegum kaupsamningi, 15. nóvember 2021, þar sem hann virðist hafa viljað bæta inn í hinn endanlega kaupsamning

félaganna nokkrum atriðum frá því sem fyrir hefði legið í samkomulagi aðila frá 8. nóvember 2021, sbr. fyrirvarann í 9. gr. Fyrir liggur að sjálfskuldarábyrgð stefnanda og stefnda í Íslandsbanka hf. vegna Vistveru ehf. virðist ekki hafa komið beinlínis til umfjöllunar að því er séð verður. Lögmaðurinn Þórður Heimir Sveinsson annaðist gerð samkomulagsins frá 8. október 2021, sem og gerð endanlegs kaupsamnings frá 15. nóvember 2021. Þá liggur fyrir að yfirdrátturinn hjá Íslandsbanka stóð í 4.890.191 krónu 15. nóvember 2021.

Eftir því sem næst verður komið var rekstur Vistveru ehf. (síðar Ex23 ehf.) þungur og 5. júlí 2023 voru stefnanda og stefnda send innheimtubréf af hálfu Íslandsbanka hf., er krafðist þá uppgreiðslu á yfirdrætti á fyrrnefndum veltureikningi Vistveru ehf., en reikningnum hafði verið lokað 30. júní 2023. Í kjölfarið greiddi stefnandi inn á yfirdráttarskuldina, annars vegar 2.000.000 króna 3. ágúst 2023, en hins vegar 500.000 krónur 23. ágúst 2023, eða samtals 2.500.000 krónur, sem hún kveðst hafa talið vera sinn hluta af sjálfskuldarábyrgðinni hjá bankanum.

Með stefnu, dags. 24. ágúst 2023, stefndi síðan Íslandsbanki hf. Ex23 ehf. (áður Vistveru ehf.), og stefnanda og stefnda, til greiðslu á eftirstöðvum af yfirdráttarskuld- inni, en þingfesta átti málið í Héraðsdómi Reykjavíkur 19. október 2023. Stefnandi kveðst þá ekki hafa átt um aðra kosti að velja en þá að semja við bankann um greiðslu á eftirstöðvum yfirdráttarskuldarinnar þar sem stefndi hefði hafnað því að greiða sinn hluta af ábyrgðinni í tölvupóstssamskiptum aðila í júlí 2023. Lokagreiðslu af yfirdráttarskuldinni greiddi stefnandi 14. febrúar 2024 og fékk útgefna kvittun fyrir því, en þá hafði stefnandi greitt alls 5.300.000 krónur, auk dráttarvaxta og kostnaðar.

Telji stefnandi að stefnda beri að greiða helminginn af 5.300.000 krónum, eða 2.650.000 krónur, sem sé stefnukrafa málsins. Stefnanda var send innheimtuviðvörðun með þeirri kröfu 14. maí 2024, en endurgreiðslu var hafnað af hálfu stefnda með tölvupósti lögmanns hans, dags. 15. maí 2024. Athugasemdir stefnanda voru sendar lögmanni stefnda 17. maí 2024, en ekki náðist saman og því er mál þetta höfðað.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir endurgreiðslukröfu á hendur stefnda á skilmálum fyrirliggjandi yfirlýsingar um sjálfskuldarábyrgð, þar sem fram komi að ábyrgðaraðilar skuldbindi sig persónulega til að tryggja Íslandsbanka hf. efnidir á skuldbindingum Vistveru ehf. Í skilmálum sjálfskuldarábyrgðarinnar segi að ábyrgðaraðilar ábyrgist greiðslu skuldarinnar eins og um eigin skuld væri að ræða og þeim sé skylt að greiða skuldina við vanskil ef kröfuhafi krefst þess, þótt bankinn hafi engar tilraunir gert til að fá hana greidda hjá skuldara, hér Vistveru ehf. Ábyrgðaraðili ábyrgist alla skuldina og ef ábyrgðaraðilar eru fleiri en einn ábyrgist hver þeirra um sig fulla greiðslu gagnvart kröfuhafa (óskipt ábyrgð/*in solidum*), sbr. meginreglur kröfuréttar um óskipta ábyrgð.

Í skilmálum sjálfskuldarábyrgðarinnar komi jafnframt fram að við vanefnd skuldara sé kröfuhafa Íslandsbanka hf. í sjálfsvald sett hvern hann krefji á undan, skuldara eða sjálfskuldarábyrgðaraðila, þar sem ekki sé um einfalda ábyrgð að ræða.

Þá komi fram í yfirlýsingu um sjálfskuldarábyrgðina að ef ábyrgðaraðili greiðir alla ábyrgðarskuldina muni hann öðlast sama rétt á hendur skuldara og kröfuhafinn Íslandsbanki hf. hafi átt og með sömu takmörkunum. Þá sé þeim sem greiði upp alla skuldina heimilt að krefja meðábyrgðaraðila um greiðslu hluta skuldarinnar eins og um skipta ábyrgð væri að ræða, það er um helming skuldarinnar, en stefnandi krefjist þess nú að stefndi greiði henni helming þeirrar skuldar sem stefnandi hafi þurft að greiða fyrir Vistveru ehf., eftir almennum reglum kröfuréttar um óskipta ábyrgð.

Samkvæmt framangreindum skilmálum sjálfskuldarábyrgðarinnar sé hér um að ræða fulla og óskipta ábyrgð hvers einstaks sjálfskuldarábyrgðaraðila. Með fullri og óskiptri ábyrgð samskuldara að

kröfu sé átt við það að báðir eða allir skuldarar ábyrgist skuldina fyrir einn og einn fyrir báða, þannig að greiðsla eins skuldara leysi hinn undan efnaskyldu hans gagnvart kröfuhafa. Á móti öðlist sá skuldari sem greitt hafi alla skuldina kröfu á hendur meðskuldara sínum um greiðslu helmings þess sem hann hafi greitt í samræmi við meginreglur kröfuréttar um ábyrgð *in solidum*. Því til stuðnings sé einnig byggt á þeim skilmálum sjálfskuldarábyrgðarinnar, eins og áður segir, að ef ábyrgðarmaður hefur greitt alla skuldina öðlist hann endurkröfu er nemi helmingi skuldarinnar á hendur meðskuldara sínum (hér stefnda).

Samkvæmt framangreindu hafi stefnda mátt vera það ljóst við undirritun sína á sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsinguna að ef stefnandi neyddist ein til þess að greiða upp yfirdrátt Vistveru ehf. eignaðist hún kröfu á stefnda um helming þeirrar fjárhæðar sem greidd hefði verið upp eftir að reikningnum hefði verið lokað. Hafi engu breytt í því sambandi hvort hlutur félags hans, Geysis fjárfestingafélags ehf., í Vistveru ehf. hafi verið keyptur til baka af hálfu Terra Invest ehf.; stefndi hafi verið jafn bundinn við ábyrgð sína eftir sem áður enda ábyrgðin eign og trygging Íslandsbanka hf. á efnudum á yfirdráttarheimild Vistveru ehf. Það hafi því verið á forræði Íslandsbanka hf. hvernig færi með ábyrgðina á reikningi Vistveru ehf., hvort stefndi gæti losnað undan ábyrgðinni, en ekki salan á hlutafé í Vistveru ehf. Þá hafi stefndi ábyrgst skuldina eftir skilmálum sjálfskuldarábyrgðarinnar sem sína eigin skuld sem ekki hafi komið við sölu á hlutafé Vistveru ehf. Beri því að taka kröfu stefnanda til greina í máli þessu.

Stefnandi byggi á meginreglum kröfuréttar um óskipta ábyrgð *in solidum*, þar sem sjálfskuldarábyrgðaraðili geti krafist samskuldara sinn um helming fjárhæðar er ábyrgðaraðili hafi greitt. Um dráttarvexti vísist til 1. mgr. 6. gr., sbr. 12. gr. laga nr. 38/2001. Krafa um vaxtavexti styðjist við 12. gr. laga nr. 38/2001. Um varnarþing vísist til 1. mgr. 32. gr., en um málskostnað til 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefnda

Af hálfu stefnda sé hér á því byggt að stefnandi eigi ekki, eins og hér standi á, endurkröfu á stefnda vegna uppgreiðslu stefnanda á ábyrgðinni gagnvart Íslandsbanka hf. Óumdeilt sé þó að ábyrgð stefnda gagnvart bankanum sjálfum hafi enn verið virk.

Með sölu stefnda á hlutafénu í Vistveru ehf., með kaupsamningnum frá 15. nóvember 2021, hafi Eignarhaldsfélagið Terra Invest ehf., félag í eigu stefnanda, yfirtekið öll réttindi og skyldur félagsins. Sérstaklega sé þannig tekið fram í 9. gr. kaupsamningsins að um engar frekari kröfur sé að ræða á milli aðila.

Í samkomulagi því sem gert hafi verið 8. nóvember 2021 sé sérstaklega fjallað um ábyrgð þá sem stefnandi og stefndi hafi verið í vegna Sýslu ehf. gagnvart Arion banka hf. Ekkert sé þar fjallað um ábyrgðina vegna Vistveru ehf. og því augljóst að þar hafi verið um að ræða skuldbindingu sem tengdist rekstri er Eignarhaldsfélagið Terra Invest ehf. hafi eignast 100% með kaupsamningnum, dags. 15. nóvember 2021.

Af hálfu stefnda sé á því byggt að innbyrðis kröfuréttindi ábyrgðarmanna eigi hér ekki við. Samið hafi verið um kaup félags í eigu stefnanda á öllu hlutafé í eigu félags í eigu stefnda í fyrirtækinu Vistveru ehf. Hafi stefndi persónulega eða þá félag hans átt að halda áfram að vera í ábyrgðum fyrir félagið þá hefði stefnandi verið í lófa lagið að gera þá kröfu við samningsgerðina, rétt eins og gert hafi verið varðandi söluna á Sýslu ehf. og um ábyrgðarskuldbindinguna gagnvart Arion banka hf. vegna hennar.

Byggt sé á meginreglum kröfuréttar og reglu samningaréttar um skuldbindingar- gildi samninga, en um málskostnaðarkröfu vísist til 130. gr. laga nr. 91/1991.

Niðurstaða

Í málinu er ekki deilt um tilvist, efni eða gildi umræddrar sjálfskuldarábyrgðar er stefnandi og stefndi gengust undir vegna veltureiknings Vistveru ehf. í Íslandsbanka hf. Þá er heldur ekki deilt um að stefnandi greiddi ein upp umrædda ábyrgð, eða heldur tölulega um kröfufjárhæðina, sem er helmingur ábyrgðarkröfunnar sem stefnandi stóð ein skil á gagnvart Íslandsbanka hf. Ekki er heldur deilt um skilmála ábyrgðarinnar eða almennar reglur kröfuréttar í þá veru að almennt gildi sú regla að þeim ábyrgðarmanni sem greiðir þannig upp alla skuldina, sbr. hér stefnanda, sé almennt heimilt að endurkrefja meðábyrgðaraðila sinn um greiðslu hluta skuldarinnar að tiltölu eins og um skipta ábyrgð væri að ræða, þ.e. þá hér um helming skuldarinnar.

Snúa varnir stefnda því samkvæmt framansögðu alfarið að því að málsaðilar hafi gert sérstakt samkomulag, sbr. 9. gr. kaupsamnings félaga þeirra um félagið Vistveru ehf., dags. 15. nóvember 2021, sem leiða hafi átt til þess að stefndi yrði við það samkomulag og þá sölu laus undan öllum skuldbindingum vegna Vistveru ehf. Stefnandi kannast ekki við að neitt slíkt samkomulag hafi verið um umrædda ábyrgð.

Ágreiningur aðila afmarkast því hér við það hvort stefnanda beri að fá helming þeirrar ábyrgðarkröfu er hún hefur þegar gert upp við Íslandsbanka hf. endurgreiddan úr hendi stefnda, sbr. hér framangreint. En fyrir liggur samkvæmt framansögðu, sem og gögnum málsins, að stefnandi greiddi bankanum ein a.m.k. alls 5.300.000 krónur vegna sjálfskuldarábyrgðar á veltureikningi Vistveru ehf., sem hún og stefndi gengust óumdeilt persónulega undir gagnvart Íslandsbanka hf. Telur stefnandi eðli þeirrar óskiptu ábyrgðar er hún hafi þannig ein staðið skil á vera með þeim hætti að hún eigi endurgreiðslukröfu á hendur stefnda sem meðábyrgðarmanns um 2.650.000 krónur, sbr. skilmála sjálfskuldarábyrgðarinnar og óumdeildar reglur kröfuréttar í þá veru.

Varnir stefnda, sem gaf aðilaskýrslu hér fyrir dómi, hafa einkum snúið að því að gerður sé fyrirvari í umræddum kaupsamningi um hlutafé í Vistveru ehf., dags. 15. nóvember 2021, um það að með þeim samningi sem hafi markað brotthvarf hans úr félaginu hafi verið miðað við að öll mál teldust þá niður fallin á milli aðila er vörðuðu sameign og samrekstur að félaginu og ætti hvorugur þá eftirleiðis frekari kröfur á hinn.

Stefnandi hefur hins vegar vísað til þess að umrædd ábyrgð málsaðila á yfirdrætti félagsins falli þar ekki undir, enda ekkert verið að henni vikið við söluna á hlutnum, auk þess sem um sé að ræða persónulega ábyrgð málsaðila, en kaupsamningurinn hafi verið gerður á milli tveggja félaga er átt hafi hlutafé í Vistveru ehf., en ekki málsaðila.

Fyrir dómi bar vitnið Þórður Sveinsson lögmaður um það að hann hefði aðstoðað málsaðila við gerð samkomulags 8. október 2021 og kaupsamnings 15. nóvember s.á, en umrædd ábyrgð málsaðila á yfirdrætti á veltureikningi Vistveru ehf. hefði þá ekkert komið til tals og honum þá raunar verið allskostar ókunnugt um tilvist hennar yfirleitt.

Að framangreindu virtu telur dómurinn vera allskostar ósannað að málsaðilar teljist hafa gert sérstakar ráðstafanir sín á milli varðandi hér umrædda ábyrgð þeirra beggja á yfirdráttarskuld á umræddum veltureikningi Vistveru ehf. hjá Íslandsbanka hf., og er þá einnig til þess að líta að um persónulega ábyrgð þeirra var hér að ræða. Verður stefndi að bera hallann af því að hafa ekki sannanlega tryggt þá hagsmuni sína sem hann hafði möguleika á að gera við gerð umrædds kaupsamnings en gerði ekki.

Með vísan til skilmála ábyrgðaryfirlýsingarinnar, almennra reglna kröfuréttar og fyrirliggjandi dómafordæma um rétt ábyrgðarmanns til endurkröfu á hendur með- ábyrgðarmanni, sem ekki er um deilt að gildi, og þess að ósannað þykir að málsaðilar hafi gert sérstakt samkomulag um þessa ábyrgð, verður að fallast á kröfu stefnanda um að stefnda beri að standa henni skil á helmingi þeirrar fjárhæðar sem hún þurfti að standa Íslandsbanka skil á vegna uppgreiðslu ábyrgðarinnar, alls 2.650.000 krónum.

Hvað varðar hins vegar dráttarvaxtakröfu stefnanda þá verður dómurinn að hafna henni sem vanreifaðri, sbr. d.- og e-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991, en ekkert liggur fyrir í málatilbúnaði stefnanda við hvað sú krafa miðar eins og hún liggur hér fyrir.

Í ljósi framangreindrar niðurstöðu verður stefnda einnig gert að greiða stefnanda alls 620.000 krónur í málskostnað og er það þá að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Málið flutti fyrir stefnanda Gunnar Gíslason lögmaður og fyrir stefnda flutti málið Helgi Jóhannesson lögmaður.

Pétur Dam Leifsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Kristinn Gylfi Jónsson, greiði stefnanda, Emmu Kristine Holm, 2.650.000 krónur.

Stefndi greiði stefnanda 620.000 krónur í málskostnað.